

Fundargerð

182. fundur Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra var haldinn miðvikudaginn 6. apríl 2016 kl. 13.30 að Furuvöllum 1, Akureyri.

Dagskrá:

1. **Fundargerð síðasta fundar borin upp til kynningar, samþykkt og undirrituð.**

2. **Ársreikningur 2015.**

Ársreikningur 2015 var kynntur og að loknum umræðum var hann samþykktur og undirritaður.

3. **Tillaga Norðurorku að vöktunaráætlun fyrir skólþviðtaka í Eyjafirði.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti vöktunaráætlun fyrir skólþviðtaka í Eyjafirði. Tillagan er unnin af Norðurorku og byggir á ýmsum rannsóknargögnum sem liggja fyrir um ástand sjávar og vatnsskipti í Eyjafirði. Heilbrigðisnefnd lýsir ánægju með þá vinnu sem Norðurorka hefur lagt fram og samþykkir framkomna tillögu.

4. **Umsóknir um starfsleyfi fyrir brennslustöðvar við sláturhús, umsögn til Skipulagsstofnunar vegna brennsluofna á vegum Norðlenska á Akureyri og Húsavík og vegna B. Jensen í Hörgársveit, staða mála.**

María Markúsdóttir heilbrigðisfulltrúi kynnti umsagnir til Skipulagsstofnunar og gerði einnig grein fyrir nýlegu álitni Umhverfisstofnunar þar sem fram kemur að starfsleyfagerð fyrir brennslu sláturleyfishafa á eigin sláturleifum í flokki 1 og 2 fellur undir heilbrigðisnefnd. Ef sláturleyfishafi fyrirhugar að taka einnig til brennslu sláturleifar frá öðrum sláturhúsum, þá er skylt að afla starfsleyfis Umhverfisstofnunar. Þegar um er að ræða brennslu á sláturleifum í flokki 3; þá skal fullnægja ákvæðum reglugerðar um brennslu úrgangs og afla starfsleyfis Umhverfisstofnunar. Fyrir liggur að brennsla á sláturleifum yfir 500 tonnum á ári er háð umhverfismati og niðurstaða umhverfismats þarf að liggja fyrir áður en að starfsleyfi fyrir slíka starfsemi er gefið út.

5. **Hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga; kynning á meðfylgjandi erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga.**

Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi kynnti erindið og eftir umræður var eftirfarandi fært til bókar:

Heilbrigðisnefnd hefur kynnt sér erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 31. mars s.l. um hugsanlegar breytingar á skipulagi og framkvæmd heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra (HNE) er með starfsstöðvar á Akureyri og Húsavík. Á Akureyri eru þrjár heilbrigðisfulltrúar að störfum og einn á Húsavík.

Á Akureyri deila Heilbrigðieftirlit Norðurlands eystra og Matvælastofnun (MAST) með sér sameiginlegu skrifstofuhaldi og hafa með sér talsvert samstarf. Einnig er rannsóknarstofan Promat með starfsstöð í sama húsnæði á Akureyri og sinnir þjónusturannsóknum fyrir bæði HNE og MAST.

Á Húsavík deilir HNE skrifstofuaðstöðu með Náttúrustofu Norðausturlands, Þekkingarneti Þingeyinga og fræðasetri Háskóla Íslands á Norðausturlandi. Þá eru talsverð samskipti á milli HNE og skrifstofu Umhverfisstofnunar á Akureyri.

Þannig hefur heilbrigðisnefnd gagnert skipulagt starfsstöðvar heilbrigðisfulltrúa á þann hátt að auðvelda megi samstarf þeirra sem starfa að hliðstæðum eftirlits- og rannsóknarverkefnum heima í héraði.

Heilbrigðisnefnd fagnar hugmyndum um aukið samstarf á milli aðila hjá ríki og sveit um hin ýmsu eftirlits- og rannsóknarverkefni og er tilbúin til viðræðna um breytingar á lögum og regluverki sem hafi að markmiði að efla skilvirka nærþjónustu og treysta samstarf og ákvarðanavald heima í héraði.

Heilbrigðisnefnd varar við hugmyndum um mjög stór eftirlitssvæði; hætta er á að slíkar breytingar skerði nærþjónustu þegar til lengri tíma er lítið og að ákvarðanataka verði fjarlæg gagnvart fyrirtækjum og almannahagsmunum.

Heilbrigðisnefnd leggur þunga áherslu á að hlutverk og verkefni heilbrigðisnefnda verði ekki skert á nokkurn hátt og að heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga verði eftir sem áður sjálfstæðar stjórnsýslustofnanir heima í héraði með skýr og afdráttarlaus og óskert þvingunarúrræði.

Heilbrigðisnefnd áréttar mikilvægi þess að tryggja góða nærþjónustu heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga um land allt og hvetur til þess að Umhverfisstofnun og Matvælastofnun verði styrktar til að sinna lagaskyldum sínum hvað varðar samræmingu heilbrigðiseftirlits, t.d. með námskeiðahaldi og gerð leiðbeininga og samræmdra starfsleyfisskilyrða vegna nærþjónustu heilbrigðisnefnda.

Umsóknir um starfsleyfi:

1. Fjallalamb hf, kt. 710890-1559, Röndinni 3 Kópaskeri. Brennsla úrgangs frá sláturhúsi, áhættuflokkur 1. Um 15.000 kg á ári, þar af 2/3 í sláturtíð (sept-okt). **Ákveðið að setja umsókn og starfsleyfisskilyrði í auglýsingarferli.**
2. Valgeir Páll Guðmundsson, kt. 080169-4349, Laugarholti 3c Húsavík. Heimagissting. **Samþykkt.**
3. Fensalir ehf, kt. 690798- 2129 Ásgarðsvegi 2 Húsavík. Viðbótar gistileyfi að Stóragarði 13. Flokkur II Heiti Skjálfandi Apartments, Stóragarði 13. **Samþykkt.**
4. Gistiheimilið Stöng ehf kt. 420207-0850 Mývatn. Viðbót eitt hús með 10 fullbúnum herbergjum. Flokkur V. Gistiheimilið Stöng. **Samþykkt.**

5. Höfuðreiðar ehf, kt. 481215-1880, Hvannagili, 641 Húsavík. Gisting að Skógum 2. flokkur II Skógar guesthouse. **Samþykkt.**
6. Gunnar Magnússon, kt. 070760-5689, umsókn um starfsleyfi fyrir gistiskála og útleigu á íbúð að Hafnarstræti 82 (rými 201 og 302), 600 Akureyri. **Samþykkt.**
7. Gregdalvík ehf, kt. 691111-0910, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna veitingastaðarins Gregors Pub, Goðabraut 3, 620 Dalvík. **Samþykkt.**
8. Básavík ehf kt. 631007-0580, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna Gistiheimilisins að Básum í Grímsey. **Samþykkt.**
9. Skipagata 6 ehf, kt. 500615-1330, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna íbúðar og gistiskála að Skipagötu 6, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
10. Bautinn ehf kt. 540471-0379, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna veitingahússins Bautans, Hafnarstræti 92, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
11. Broddi Pálmi Ottesen Pétursson, kt. 131189-3979, umsókn um starfsleyfi vegna útleigu á íbúð að Hrísalundi 6 c, 600 Akureyri. **Samþykkt.**
12. Háey ehf kt. 430216-1630, umsókn um starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Verbúð 66, Sjávargötu 2, 630 Hrísey. **Samþykkt.**
13. Friðrik F. Karlsson kt. 050750-3619, umsókn um endurnýjun á starfsleyfi vegna gistiheimilis og svefnpokaplássis (farfluglaheimili) að Stórholti 1, 603 Akureyri. **Samþykkt.**
14. Norðlenska á Húsavík, kt. 500599-2798, umsókn um starfsleyfi fyrir brennslu á 180 tonnum af sláturleifum í flokki 1 og 2. **Ákveðið að setja umsókn og starfsleyfisskilyrði í auglýsingarferli.**
15. Hólmsteinn Helgason ehf, kt. 530673-0149, Hafnarbraut 6, 675 Raufarhöfn, söltun fisks. **Samþykkt.**
16. Hólmsteinn Helgason ehf, kt. 530673-0149, Aðalbraut 20-22, 675 Raufarhöfn, slæging fisks. **Samþykkt.**

Önnur mál:

-Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi vakti athygli á sameiginlegri könnun Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra og vestra um það hvað verður um útrunna kjötvöru í verslunum og nauðsyn þess að rýna nánar verkferla sem hafa tíðkast hvað varðar skil og nýtingu á kjötvöru í kjötvinnslum, sjá heimasíðu: www.hne.is

-Alfreð Schiöth heilbrigðisfulltrúi vakti athygli á nýlegum dómi varðandi gistipjónustu í fjöleignarhúsi þar sem sýnt þykir að skertir hafi verið hagsmunir íbúa fjöleignarhússins til að fá notið eigna sinna í friði og án truflunar og í samræmi við það sem í upphafi var gert ráð fyrir. Þykir breyting á hagnýtingu séreignarhluta stefndu í húsinu hafa haft svo verulegt ónæði, óþægindi og röskun í för með sér fyrir aðra eigendur eða afnotahafa hússins að hún skuli háð samþykki allra eigenda þess.

-Þorkell Björnsson heilbrigðisfulltrúi kynnti erindi frá GPG Seafood ehf á Húsavík þar sem gerð er grein fyrir mengunarvörnum til að draga úr ólykt frá starfsemi fyrirtækisins. Fram kom að rannsóknarhópur í hagnýtum vöruferlum á vegum Háskóla Íslands og hagsmunaðila hefur til prófunar svonefndan šbiofilterö búnað og eru vonir bundnar við að þessi búnaður geti komið að notum til að hreinsa lyktarefni úr útblæstri vegna fiskþurrkunar. Heilbrigðisnefnd þakkar GPG Seafood ehf fyrir greinargóðar upplýsingar og felur heilbrigðisfulltrúum að fylgjast með framvindu málsins.

-Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15.15.

Jón Ingi Cæsarsson

Alfreð Schiöth

Þorkell Björnsson

Benedikt Kristjánsson

Þórey Agnarsdóttir

Þórarinn Þórisson

María Markúsdóttir

Hólfríður G. Jónsdóttir

Kristín Halldórsdóttir